



Titleist holukeppnin

Reglur og framkvæmd

1. gr - Almennt

Golfklúbbur Mosfellsbæjar stendur fyrir Titleist holukeppninni á hverju sumri. Titleist holukeppninn byrjar á 128 manna umferð þeirra sem fyrstir eru að skrá sig til leiks og fer fram í maí og byrjun júní. Titleist holukeppnin er innanfélagsmót og því aðeins félagsmenn GM sem hafa þátttökurétt.

2. gr – Leikfyrirkomulag í holukeppni

Kylfingar leika sín á milli með fullri forgjöf. Hámarks forgjöf er 36 hjá öllum leikmönnum. Heimilt er að leika holukeppnina á báðum vallarsvæðum. Ef kylfingar koma sér ekki saman um völl skal leika á Hlíðavelli. Karlar spila á gulum teigum og konur á rauðum teigum. (Vinsamlegast athugið að stefnt er að því að opna nýtt teigasett sumarið 2023 og þá breytast litirnir og þá verður því breytt á hvaða teigum skal spilað)

3. gr – Útreikningur forgjafar

Kylfingar leika sín á milli með forgjöf en hámarks forgjöf er 36 hjá öllum leikmönnum. Forgjöf hvers leiks er mismunur á vallarforgjöf leikmanna sem mætast. *Dæmi:* Kylfingur A er með 7 í vallarforgjöf og kylfingur B með 24 í vallarforgjöf. Þá er mismunurinn 17 (Kylfingur B fær þá 1 högg í forgjöf á 17 erfiðustu holurnar).

4. gr – Skil á úrslitum

Úrslitum í Titleist holukeppninni er skilað rafrænt með því að fylla inn form sem finna má á www.golfmos.is – mót og viðburðir.